

Fundargerð nr. 187**187. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 2.2.2018 kl. 10:00**

Mætt: Helga Sighvatsdóttir, Jóhann I. Stefánsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir. Ágústa Ragnarsdóttir boðaði forföll.

Formaður bauð Helgu og Jóhann sérstaklega velkomin á þeirra fyrsta fund sem skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

1. Ársreikningur 2017

Ársreikningur 2017 lagður fram. Útkoma ársins er nokkurn vegin í samræmi við áætlun.

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

2. Lífeyrisskuldbindingar

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 22.100.000 mkr., til 17 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Helgu Sighvatsdóttur kt. 200862-4739, skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tónlistarskóla Árnesinga að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eftirfarandi 8 sveitarfélaga :, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, , Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

3. Tónmenntakennaranám

Fagráð og stjórnendur Tónlistarskóla Árnesinga lýsa yfir áhyggjum af stöðu tónmenntakennslu í landinu. Undanfarin ár hefur ekki verið boðið upp á tónmenntakennaranám og því hefur lítill endurnýjun átt sér stað í stéttinni.

4. Líkamsræktarstyrkir

Umræða um styrki til starfsfólks vegna heilsuræktar. Samþykkt að vísa málinu til frekari umræðu á vettvangi Héraðsnefndar.

5. Starfsmannamál

Við þær breytingar sem áttu sér stað í stjórnunarteymi skólans um síðustu áramót voru ráðnir inn 3 afleysingakennarar fram til vors. Fyrirséð er að auglýsa þarf stöður málmblásturskennara í vor.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.11:00 /sdh

Halldóra Hjörleifsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Helga Sighvatsdóttir, Jóhann I. Stefánsson